



Afrekssjóður Völsungs

Reglugerð um afrekssjóð Íþróttafélagsins Völsungs

1. grein

Tilgangur

Tilgangur sjóðsins er að veita afreksíþróttafólki í Völsungi 16 ára og eldri fjárhagslegan styrk vegna æfinga eða keppni og búa þeim sem besta aðstöðu til að stunda íþrótt sína. Sjóðurinn styrkir einnig við bakið á þjálfurum Völsungs sem sækja sér aukinnar menntunar.

2. grein

Viðmið styrkveitingar.

Við styrkveitingar skal taka mið af eftirfarandi hlutum:

- Árangri á innlendum og erlendum vettvangi. Þátttaka í landsliðsferðum, Norðurlandamótum, Evrópumótum, Heimsmeistaramótum innanlands og utan og Olympíuleikum (leita skal viðurkenningar á mótahaldi hjá viðkomandi sérsambandi).
- Unnum titlum í íþróttinni á árinu.
- Þátttaka þjálfara inna Völsungs í viðurkenndum þjálfaranámskeiðum erlendis sem ekki er hægt að sækja á Íslandi.
- Stjórn sjóðsins er heimilt að takmarka fjölda styrkja til einstaklinga innan sama árs.

3. grein

Stjórn sjóðsins

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur einstaklingum. Formanni aðalstjórnar eða gjaldkera ásamt tveimur aðilum sem eru skipaðir af aðalstjórn. Hlutverk sjóðstjórnar er að ákvarða styrkveitingar, hafa eftirlit með nýtingu styrkveitinga og sjá um kynningarstarfsemi sjóðsins. Sjóðstjórn er heimilt að setja sér vinnureglur um úthlutun.

4. grein

Umsóknir um styrki

Stjórn sjóðsins auglýsir eftir umsóknum um styrki einu sinni á ári og skulu þær berast á þar til gerðum eyðublöðum fyrir 15. nóvember ár hvert.

Með umsókn skulu fylgja eftirfarandi gögn:

- Áætlanir um æfingar og fyrirhugaða þátttöku í keppnum.
- Fjárhagsáætlun vegna fyrirhugaðra æfinga og/eða keppna.
- Upplýsingar um aðra styrki.
- Umsögn þjálfara (ef við á).
- Önnur gögn er stjórn sjóðsins kann að telja nauðsynleg.

Sjóðsstjórn áskilur sér rétt til að afla sér nánari upplýsinga en þeirra sem fram koma á umsóknareyðublaði og leita umsagnar annarra aðila.





Styrkveitingar, sem sjóðstjórn ákveður, skulu bornar undir aðalstjórn Völsungs til samþykktar.

5. grein

Greiðsla styrkja

Styrkir verða greiddir til styrkhafa í tvennu lagi, helmingur þegar ákvörðun liggur fyrir og hinn helmingurinn að fengnu fjárhagslegu uppgjöri og stuttri greinargerð. Vanræki styrkþegi þessa upplýsingaskyldu eða telji sjóðsstjórnin að styrkurinn hafi ekki verið nýttur í samræmi við framlagðar áætlanir er sjóðsstjórn heimilt að synja eða víkja frá frekari styrkveitingum.

Styrkuppþæðir miðast við fjármagnsgetu sjóðsins hverju sinni. Við styrkveitingar er ekki heimilt að ganga á stofnfé sjóðsins.

6. grein

Skyldur styrkþega

Allir þeir sem þiggja styrk úr sjóðnum skulu hlíta þeim reglum sem Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands setur um lyfjanotkun og lyfjaeftirlit, svo og þeim almennu siða- og lagareglum sem gilda um framkomu íþróttamanna.

7. grein

Varsla afrekssjóðs

Vörslu og reikningshald sjóðsins annast aðalstjórn Völsungs.

Fjármuni sjóðsins skal ávallt varðveita og ávaxta með tryggum hætti.

8. grein

Tekjur sjóðsins

Tekjur sjóðsins eru eftirfarandi:

- a) Árlegt framlag samkvæmt fjárhagsáætlun aðalstjórnar Völsungs.
- b) Frjáls framlög og söfnunarfé.
- c) Vaxtatekjur.

Stofnfé sjóðsins er 200.000 krónur.

9. grein

Gildistími

Reglugerð þessi tekur gildi um leið og hún hefur verið samþykkt á aðalfundi Íþróttafélagsins Völsungs.

Reglugerðin var samþykkt á aðalfundi félagsins 11.5.2016



